

33
20. júní

L Ö G

um

breyting á lögum nr. 47, 30. nóv. 1914.
(Atkvæðagreiðsla fjarstaddra manna við alþingiskosningar).

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörrum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir 1. gr. laga nr. 47, 30. nóv. 1914, komi ný málsgrein, er verður 2. málsgrein, svo hljóðandi:

Með sama hætti mega þeir menn greiða atkvæði, sem eru ekki ferðafærir sakir elli eða vanheilsu, og komast því ekki á kjörstað, þótt þeir sjeu staddir í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá. Forföll eru sönnuð með læknisvottorði í kaupstöðum og hreppi, sem lækni býr í, en annarsstaðar með vottorði lækni eða hreppstjóra. Atkvæðagreiðsla þeirra manna, er um ræðir í þessari málsgrein, má eigi fram fara fyr en daginn fyrir kjördag, ef kjósandi á heima á kjörstað, og ekki fyr en tveim dögum fyrir kjördag, ef hann á heima utan kjörstaðar.

2. gr.

Á eftir 1. málsg. 4. gr. komi ný málsg., er hljóði svo:

Nú skýrir kjósandi frá því, að hann, sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, sje eigi fær um að kjósa á þann hátt, sem fyrirskipað er í lögum þessum, og skal þá sá, er vottorðið gefur, tilnefna nærstaddan kjósanda til að veita honum aðstoð til að kjósa og fara að jafnaði við tilnefninguna að vilja hins sjúka. Skal þess getið í fylgibrjefinu, svo og nafns þess, er aðstoðina veitti. Sá, er aðstoðina veitti, er bundinn þagnarskyldu um það, hvernig atkvæði kjósanda hefir fallið.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

4. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella texta 1.—2. greinar þeirra í meginmál laga nr. 47, 30. nóv. 1914, og getur konungur

gefið þau lög út með fyrirsögninni: Lög um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar. 33
20. júní

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaluborg, 20. júní 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Sig. Eggerz.

L Ö G

um

34
20. júní

breyting á lögum nr. 36, 19. júní 1922, um breyting á lögum um fræðslu barna, frá 22. nóv. 1907.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur.
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Síðari málsgrein 3. greinar orðist svo:

Fyrir störf samkvæmt þessari grein ber sóknarprestum engin sjerstök borgun. Þó fá þeir endurgoldinn úr ríkissjóði, eftir reikningi, ferðakostnað við barnapróf.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaluborg, 20. júní 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Sig. Eggerz.